



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	26.11.2019
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	26. nóvember 2019
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristjana Gunnarsdóttir
Verkefni/tillaga:	Nýjar Reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra
Þjónustubáttur:	Stuðningsþjónusta
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	0 kr.
Annað:	

### Jafnréttisskimun:

#### Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Markmiðið með nýjum Reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra er að leysa að hluta til af hólmi núverandi reglur um stuðningsþjónustu. Með nýjum reglum er áherslan á veittan stuðning til barna og foreldra þeirra og byggja reglurnar á ákvæðum laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018., laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og barnaverndarlaga nr.80/2002.

#### Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Við gerð nýrra reglna á velferðarsviði eru jafnréttissjónarmið ávallt lögð til grundvallar þannig að þjónustan nýtist öllum kynjum jafnt. Við gerð þessara reglna voru þau sjónarmið nú sem endranær höfð að leiðarljósi en vissulega býður regluverkið upp á að einstaka þættir séu skoðaðir sérstaklega með tilliti til kynjaskiptingar þjónustuþega. Slíkt verkefni yrði skoðað við útfærslu reglnanna á framkvæmdastigi og þá metið hvort ástæða væri til jafnréttismats.

#### Hvaða hópa snertir tillagan?

Börn og fjölskyldur þeirra.

#### Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Með nýjum reglum er verði að horfa til stuðnings við börn og fjölskyldur þeirra út frá heildaraðstæðum fjölskyldunnar með því markmiði að börn fái þann stuðning sem þörf er á hverju sinni óháð kyni, stöðu og fötlun.

#### Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?<sup>1</sup>

Ekki á þessu stigi.

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.